

## Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

### 37. fundur 2. júní 2006

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs föstudaginn 2. júní 2006 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00. Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Hrafns Sveinbjarnarsonar héraðsskjalavarðar. Formaður setti fund, en síðan var gengið til dagskrár sem var sem hér segir:

1. Samningsform vegna afhendingar ljósmynda.
2. Gjaldskrá vegna afhendingar ljósmynda og skjala.
3. Grein gerð fyrir störfum sumarstarfsmanns.
4. Öryggismál í safninu.
5. Norræn skjalavarðaráðstefna.
6. Önnur mál.

#### **1. Samningsform vegna afhendingar ljósmynda.**

Héraðsskjalavörður skýrði frá því að útbúið hefði verið slíkt samningsform og höfð hliðsjón af samningsformi Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Málið varðar m.a. höfundarrétt á ljósmyndum sem viðkomandi vörslustofnun öðlast að hluta til skv. samningnum.

#### **2. Gjaldskrá vegna afhendingar ljósmynda og skjala.**

Í rökréttu framhaldi af 1.l. verður sett gjaldskrá vegna afritunar ljósmynda og skjala. Reifaði héraðsskjalavörður málið og hafði m.a. kynnt sér hvernig með þetta væri farið hjá fyrrgreindu ljósmyndasafni. Mikilvægast er að allra réttinda verði gætt eftir skýrum reglum og að samningur og framkvæmd sé í samræmi við viðeigandi reglugerð sem forsætisráðuneytið hefur sett á grundvelli stjórnsýslu- og upplýsingalaga.

#### **3. Grein gerð fyrir störfum sumarstarfsmanns.**

Gunnar Marel Hinriksson hafði hafið störf í safninu milli funda sem sumarstarfsmaður (sbr. 36. fg., 2.l.). Héraðsskjalavörður skýrði hver verkefni honum yrðu falin. Þau eru einkum skráning skjala frá bæjarskrifstofum sem komin eru í safnið, en auk þess m.a. vinna við skráningu og frágang úrklippusafns og prentmáls o.fl. auk afleysingavinnu.

#### **4. Öryggismál í safninu.**

Rætt var um öryggismál í safninu. Ljóst er að ýmsu er þar ábótavant, og var rætt um aðgengi og umgang, brunavarnir, læsingar o.fl. í því sambandi. Skýrt kom fram hve bagalegt er að safnið hefur enga öryggisgeymslu. Í ljósi umræðna leggur stjórnin áherslu á að sá vandi sem hér er á höndum verði í heild tekinn til athugunar og leystur á viðunandi hátt hið fyrsta.

#### **5. Norræn skjalavarðaráðstefna.**

Norrænir skjalaverðir hittast á ráðstefnunni "Nordiska arkivdagar 2006" sem haldin verður í Uppsölum í Svíþjóð 23.-25. ágúst nk., og skoðuðu stjórnarmenn dagskrá hennar. Þar verða öryggismál í skjalasöfnum meðal umræðuefna. Stjórnin mælir með því að héraðsskjalavörður sækir ráðstefnuna.

## 6. Önnur mál.

- a) Unnið hefur verið að því að útvega afhendingarprótókoll skv. réttu formi (sbr. 35. fg., 6.1.).
- b) Hjörtur Pálsson spurðist að gefnu tilefni fyrir um gögn úr fórum sr. Gunnars Árnasonar sem börn Gunnars fólu Bókasafni Kópavogs til varðveislu á sínum tíma. Fyrirspyrjandi fékk þau svör að þar hefðu gögnin verið skráð, en síðan afhenti bókasafnið héraðsskjalasafninu þau til varðveislu þar sem skjalasafnið þótti eðlilegri varðveislustaður fyrir þetta efni eftir að það var stofnað. Þar eru gögnin nú tryggilega geymd.

Fleira gerðist ekki.  
Fundi slitið kl. 17.45.

Hilmar Björgvinsson  
formaður

Hjörtur Pálsson  
ritari

Gylfi Gröndal